

**Ed.**

**21. Frumvarp til laga**

**[21. mál]**

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1964 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr cyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Gjöld samkvæmt lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal árinu 1964 innheimta þannig:

- a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1963, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1964, skal innheimtur með 100% álagi, að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1964, er kann að verða greiddur á því ári vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
- b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex krónum — af hverju kg af hjólbörðum og gúmmislöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagæfrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1964 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár. Ákvæði um þetta er nú að finna í 1.—3. gr. laga nr. 90/1962. Rétt er að geta þess, að ákvæði 4. og 5. gr. framangreindra laga voru felld niður með nýju tollskrárlögunum á s. l. vori.